

**Ed.**

**347. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum öll not veiðinnar, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati samkv. 83. gr., sbr. þó síðari málsg. þessarar greinar.

Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðast að  $\frac{1}{3}$  úr rikissjóði, að  $\frac{1}{3}$  úr sýslusjóði eða sýslusjóðum hlutaðeigandi sýslu eða sýslna og að  $\frac{1}{3}$  af veiðieigendum í hlutaðeigandi fiskihverfi, og jafna matsmenn þeim bótum niður á þá. Nú er þar veiðifélag, og greiðir það þá hluta veiðieigenda af bótunum.

Alþingi, 7. des. 1933.

Páll Hermannsson,  
form., frsm.

Jón Jónsson,  
fundaskr.

Kári Sigurjónsson.